



Atvinnuveganefnd Alþingis
Alþingi við Austurvöll

Gunnarsholti 17. febrúar 2015

Efni: 74. mál, jarðalög – athugasemdir Landgræðslu ríkisins við breytingartillögur er varða sölu á jarðahlutum á forræði stofnunarinnar

1. Landgræðsla ríkisins ítrekar fyrra álit um að endurskoðun ákvæða um sölu lands á forræði stofnunarinnar væri stjórnsýslulega í eðlilegri farvegi í þeirri endurskoðun laga um landgræðslu sem nú fer fram í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu.
2. Landgræðsla ríkisins telur eðlilegt og sjálfsagt að vel gróið land á forræði stofnunarinnar sem þolir landbúnaðarnot verði selt, með kvöðum er tryggi verndun viðkvæmra vistkerfa fyrrverandi sandsvæða. Ekkert heimildarákvæði er í breytingartillögum um að L.r. setji kvaðir á meðferð landsins sem selt yrði til að tryggja það – og engin þvingunarúrræði til staðar til að tryggja gróður- og jarðvegsvernd þeirra svæða eftir að þau eru seld.
3. Lagt er til: Við gr. 5. b. bætist á eftir „sbr. 12. gr. laga um landgræðslu.“
Landgræðslustjóri lætur þinglýsa reglum um meðferð hins selda lands í samræmi við lög um landgræðslu.
4. Fráleitt að hafa eitthvað annað verðmætamat á sölu landgræðslusvæða og annarra jarðahluta í eigu ríkisins - hlýtur að höggva nærri ákvæðum um jafnræðisreglur stjórnsýslulaga. Hvernig á líka L.r að meta kostnað sem stofnunin stofnaði til fyrir kannski 80 árum og æ síðan? Ennfremur - Það á alls ekki við, nema í einu undantekningartilviki af 105 jarðahlutum að vísa til ákvæða ábúðarlaga. Í öðrum tilvikum er verið að snúa framkvæmdinni á hvolf. Hér er eigandi landsins gerður að ábúanda, það er að eigandi jarða er landið áður tilheyrði, eigi að njóta sem ábúandi allra þeirra fjármuna sem almannafé hefur verið notað til landbóta og hann hefur engu til kostað í nær öllum tilvikum. Brýnt er að ákvæði er varða sölu, verði þau sömu er varða verðmætamat og jafnræði og aðrar eignir ríkisins.
5. Lagt er til: Við 6. gr. c. bætist ný málsgrein í stað þeirrar sem er í breytingartillögu eftir 2. umræðu, svohljóðandi: *Söluverð lands skv. 36. gr.a. skal byggjast á sömu reglum og sala annarra jarðahluta í eigu ríkisins, að frádregnum þeim kostnaði sem fyrri landeigandi kann að hafa lagt til uppgæðslu þess.*

Virðingarfyllst,

f. h. Landgræðslu ríkisins

Sveinn Runólfsson.

landgræðslustjóri.